


Fornleifaskráning á skógræktarreit í landi Grímstungu, Áshreppi

Guðmundur Ólafsson



Rannsóknarskýrsla 2023/1
Reykjavík 2023

Forsíðumynd: Horft til suðurs yfir fyrirhugað skógræktarsvæði í landi Grímstungu sem er í fjallshlíðinni til hægri á myndinni. Bærinn í Grímstungu er lengst til vinstri. (Grímstunga 20230419-32/GÓL).

© Guðmundur Ólafsson 2023

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráningar og ákvæði laga.....	4
Aðferðafræði.....	6
Skráning fornleifa á fyrirhuguðum skógræktarreit	6
Samantekt	13
Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Grímstungu – Hnitaskrá	13
Aðrar minjar	14
Heimildir.....	22
Viðauki	23



Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir fyrirhugað skógræktarsvæði Grímstungu (Kortasjá LMÍ).

Inngangur

Skýrsluhöfundur tók að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á fyrirhuguðum skógræktarreit í landi Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu (táknatala sveitarfélags 5601). Verkefnið var unnið að beiðni Ingimars Jóhannssonar, eiganda jarðarinnar.

Grímstunga er um 3000 ha jörð. Fyrirhugaður skógræktarreitur liggur í hlíðinni suðaustur af bænum, sunnan og ofan við túnin í Grímstungu, úr um 100 m hæð upp í um 300 m hæð yfir sjó. Hann er allt að 1,6 km² að stærð, 2300 m langur og 780 m breiður.

Vettvangskönnun fór fram þann 20. apríl 2023, og var unnin af Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi, sem einnig sá um ritun og frágang skýrslu.

Tilgangur fornleifaskráningar og ákvæði laga

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlana um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast einnig grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, og meta hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerða, fyrirhugaðra framkvæmda eða náttúruöflum.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri ...“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir m.a. í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. - Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem ekki hafa fundist við skráningu.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Í 21. grein laga um menningarminjar segir: fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr

¹ Lögin má skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 2. Loftmynd sem sýnir skipulagsreit fyrirhugaðs skógræktarsvæðis í landi Grímstungu. Norður er til vinstri (LMÍ).

stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar vegna skráningar skógræktarreits er: 2818

Minjastofnun Íslands úthlutar viðkomandi skráningarverkefni sérstöku Verkefnanúmeri. Svæðið er merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar með skýrslu um verkefnið og uppmælingu á skráðum minjum. Verkefnið fékk númerið 2818.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa voru örnefnaskrár og túnakort kannaðar auk þess sem rætt var við staðkunnuga um svæðið. Áður en farið var á staðinn var loftmynd af svæðinu vandlega skoðuð og svæði sem gætu hugsanlega bent til þess að minjar væri að finna voru merktir inn til þess að skoða betur á vettvangi.

Vettvangsferðin fólst í því að gengið var skipulega yfir allt svæðið og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Aðeins fundust tvær minjar á skipulagsreitnum. Þær voru merktar inn á loftmynd af svæðinu og skráðar. Auk þess er greint stuttlega frá minjum sem sjást á túnakorti frá 1918, sem voru flestar skoðaðar og myndaðar, þó að þær séu utan þess skipulagssvæðis sem hér er til umfjöllunar.


Í skýrslunni eru minjarnar tvær sem fundust á svæðinu skráðar fyrst, en nokkrum öðrum minjum sem fundust utan skipulagsreitsins var einnig gefið númer. Skráðar minjar fá hlaupandi númer á eftir heiti viðkomandi jarðar og verkefnanúmeri. Þannig fær til dæmis t.d. varða í landi Grímstungu raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2818-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Mat er lagt á um hvaða tegund minja er að ræða, hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum viðkomandi framkvæmda eða öðrum völdum. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirhugaðrar skógræktar.

Minjarnar voru staðsettar á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 5 m skekkju og staðsettar á korti minjavefsíðar Minjastofnunar. Staðsetning minjanna er einnig gefin upp í Ísnetshnitum (ISN93) í hnitatöflu.

Skráning fornleifa á fyrirhuguðum skógræktarreit

Allt skráningarsvæðið er í fjallhlíð, sem er sunnan og austan við byggingar og tún í Grímstungu. Heildarstærð svæðisins er alls um 1,6 km² að stærð, 2300 m langt og 780 m breitt (mynd 2). Fyrirhugað er að skóráktarsvæðið nái frá túnjaðrinum undir fjallshlíðinni, sem er þar í um 100 m hæð og upp á fjallsbrún sem er í um 300 m hæð. Fyrir skráningu var ekki vitað um neinar minjar á þessu svæði.



Mynd 3. Á fyrirhuguðum skógræktarreit fundust tvær minjar; Varða 2818-1 í 255 m hæð og Brunnur 2818-2 í um 136 m hæð (Vefsja Minjastofnunar Íslands)



Mynd 4. Horft til norðvesturs yfir dæmigert landslag fjallshlíðarinnar og svæði fyrirhugaðrar skógræktar. Að baki fjárhúsa ofarlega til hægri eru húsin í Hjarðartungu og Grímstungu (Grímstunga 20230420-9-GÓL).

Við skráningu fundust tvær minjar, varða 2818-1 og vatnsból 20818-2. Nokkrar fjárgötur lágu á eftir hlíðinni, en þær voru ekki skráðar sérstaklega

Grímstunga 2818-1

Tegund: Varða

Hlutverk: Varða

Hættumat: Lítil hætta stafar af ætlaðri skógrækt

Staðhættir

Vörðubrotið er á blásnum mel á dálítilli hæðarbungu í um 255 m hæð, um 530 m suð-suðaustur frá fjárhúsi. Smá gróður er umhverfis vörðuna.

Lýsing

Varðan er að mestu hrunin (sjá mynd 5). Aðeins neðsta steinaröðin í vörðunni stendur enn á sínum stað og markar útlínur vörðunnar, en fyrir miðju eru enn leifar af annarri steinaröð. Hún er ferhyrnd að lögun, hlaðin úr 10-30 cm stórum steinum, um 60x80 cm að þvermáli og um 20 cm að hæð. Allmargir steinar liggja á dreif umhverfis vörðuna, og hafa líklega hrunið úr vörðunni. Steinarnir virðast þó ekki fleiri en svo að þeir hafi nægt til að hlaða 2-4 raðir til viðbótar.

Aðrar upplýsingar

Aldur er óviss, en líklegast er varðan frá 19. öld.



Mynd 5. Til vinstri er yfirlitsmynd af vörðubroti 2818-1. Horft til norðurs. Grímstunga og Hjarðartunga í baksýn. Til hægri er nærmynd af vörðubrotinu. Horft í suð-suðaustur (Grímstunga 20230420-3 og 5-GÖL)

Grímstunga 2818-2

Tegund: Brunnur

Hlutverk: Vatnsból

Hættumat: Nokkur hætta stafar af ætlaðri skógrækt

Staðhættir

Brunnurinn er undir smá klettum neðarlega í hlíðinni, í 136 m hæð, um 260 m suðaustur af fjárhúsum (sjá mynd 3) og um 75 m suður af túngirðingu. Umhverfið er allt sémilega gróið og stórþýft. Fyrir neðan brunninn er smá stallur í hlíðinni þar sem rennan endar.


Lýsing

Um 15 m löng renna er grafin frá uppsprettu eða læk sem þar er neðanjarðar undir litlum kletti (sjá myndir 6-8). Rennan er að jafnaði um 40 cm breið og um 40 cm djúp og hefur verið fódruð með bárujárnsplötum. Ein bárujárnsplata er enn í rennunni sem liggur að ferköntuðum brunni, sem í er timburgrind, 2x2 m í þvermál. Ferkantaðar stoðir eru í hornum grindarinnar að innanverðu og stuðningsborð eru að utanverðu á hverri hlið fyrir miðju. Ekkert vatn var í botni brunnsins sem er um 2 m að dýpt.

Frá brunninum er frárennslisrenna, svipur og aðrennslisrennan, en þó nokkru breiðari neðst þar sem hún liggur í sveig og beygir til norðurs. Austan við sveiginn eru tvær grænar plasttunnur í rennunni, líklega til þess að safna upp vatni. Þær eru hugsanlega seinni tíma viðbót við brunninn og endurnýjun á vatnslögn í fjárhúsin.

Aðrar upplýsingar

Upphaflegur aldur er óviss. Líklega hefur brunnurinn upphaflega verið grafinn til þess að fá vatn í fjárhúsin (2818-10) sem stóðu á svipuðum stað og núverandi fjárhús. Samkvæmt því gæti hann verið frá því um 1900. Líklega er þó að hann sé eitthvað yngri, eða frá miðri 20. öld. Tunnurnar eru enn yngri og gætu tilheyrð endurnýjun vatnslagnar í plastleiðslu í núverandi fjárhús, fyrir 20-30 árum.



Mynd 6. Teikning af brunni og rennum að honum og frá. Bárujárnsplata var beygð eftir botni rennunnar fyrir ofan brunninn. Uppspretta eða lækur var undir klettunum til vinstri. Grænar plasttunnur voru neðst í frárennslisrennunni til hægri. Héðan var líklega vatnið leitt í fjárhúsin.



Mynd 7. Horft til norð-austurs yfir vatnsbólið 2818-2. Brunnur úr tré er neðarlega til vinstri og renna að honum neðst. Frárennslisrenna liggur í sveig niður frá brunninum og þar eru tvær grænar plasttunnur (Grímstunga 20230420-10-GÓL)



Mynd 8. Nærmynd af brunninum og trérammanum umhverfis hann, sem er 2x2 m í þvermál. Grænu plasttunnurnar sjást neðar í frárennslisrennunni (Grimstunga 20230420-13-GÓL).

Samantekt og niðurstaða

Við vettvangsskoðun á fyrirhuguðu skógræktarsvæði í landi Grímstungu fundust tvær minjar.

2818-1 Varða eða vörðubrot ofarlega í hlíðinni. Aldur hennar er óviss, en líklegast má telja að hún sé frá 19. öld. Fremur lítil hætta virðist stafa af fyrirhugaðri skógrækt, en sem *mótvægisáðgerð*, er nægilegt að gæta þess að planta ekki trjáum í næsta nágrenni umhverfis vörðuna.


2818-2 Vatnsból/brunnur sem er um 260 m suðaustur af núverandi fjárhúsum. Brunnurinn er líklega frá um 1900-1980. Nokkur hætta stavar af fyrirhugaðri skógrækt, en sem *mótvægisáðgerð*, ætti að vera nægilegt að gæta þess að planta ekki trjáum í næsta nágrenni við brunn og vatnsból.

Ef ofangreindra mótvægisáðgerða er gætt við fyrirhugaða skógrækt, stavar sýnilegum skráðum minjum engin hætta af henni.

Í vettvangsferðinni voru teknar 37 ljósmyndir og ein flatarteikning var teiknuð af rúst 2818-2.

Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Grímstungu – Hnitaskrá


Landareign	Nr.	Hlutverk	Tegund	Ástand	Aldur	Hættumat	Hnit: ISN93	
							Hnit A	Hnit N
Grímstunga	2818-1	Varða	Varða	Vel greinanleg	1800-1900	Lítill hætta	445278	535895
Grímstunga	2818-2	Vatnsból	Brunnur	Vel greinanleg	1900-1980	Nokkur hætta	455266	536361



Mynd 9. Túnakort af Grímsstungu, teiknað af Hannesi Jónssyni 1918, í mælikvarða 1:2000. Skógræktarsvæðið er austan við öll mannvirki og ræktuð tún (Þjóðskjalasafn Íslands).

Aðrar minjar

Á túnakorti frá 1918 eru allar byggingar, tún og garðar Grímsstungu teiknuð upp. Engin hús frá þeim tíma eru uppistandandi í dag, en enn mótar fyrir tóftum sumra þeirra. Áhugaverðast er gamla bæjarstæðið í Grímsstungu, hringlaga kirkjugarður þar norðan við og fleiri minjar þar nálægt, þó að sléttað hafi verið yfir hluta þeirra. Gamla bæjarstæðið lá næstum mitt á milli núverandi bæjarhúsa Grímsstungu og Hjarðartungu. Þessar minjar voru skoðaðar og myndaðar, en þar sem þær eru allar utan skipulagsreits skógræktarsvæðisins voru þær ekki mældar upp eða skráðar formlega. Þetta sést allt vel þegar túnakortið er lagt yfir loftmynd af svæðinu (sjá mynd 10). Á loftmyndinni sést móta fyrir miklu fleiri minjum en dregnar eru upp á túnakortinu og gætu þær hafa tilheyrt mannvirkjaleifum fyrri alda. Nokkrum helstu byggingum túnakortsins var gefið hlaupandi númer frá 2818-3 til 2818-11 og til fróðleiks er hér er örstutt kynning á þessum minjum, þó að þær séu utan eiginlegs skógræktarsvæðis.



Mynd 10. Hér hefur túnakortið verið sett yfir loftmynd og þrátt fyrir smá hliðrun sjást minjarnar allvel. Gamla bæjarstæðið í Grímstungu hefur staðið á milli núverandi bæjarhúsa Grímstungu og Hjarðartungu. (Kortavefsjá Minjastofnunar/Þjóðskjalasafn Íslands).

2818-3 Bæjarstæði Grímstungu

Grímstunga er ekki nefnd í Landnámu, en samkvæmt Vatnsdæla sögu bjó þar á 10. öld Óttar Þorvaldsson með konu sinni Ásdísi, dóttur Ólafs á Haukagili. Sonur þeirra var Hallfreður vandræðaskáld. Í Hallfreðar sögu segir að Óttar hafi keypt land í Grímstungum af manni sem Einar hét og látið fyrir kaupskip sitt.²

Sléttað hefur verið yfir gamla bæjarstæði Grímstungu og það jafnað út. Litlar sem engar minjar um bæinn sjást nú á yfirborði (mynd 11).

² Íslensk fornrit VIII:46-47 og 140-141.



Mynd 11. Horft til norðurs yfir gamla bæjarstæði, Grímsstaða 2818-3, fremst á myndinni, og kirkjugarðinn 2818-4 í baksýn (Grímstunga 20230420-17-GÓL).

2818-4 Kirkja og kirkjugarður

Í Grímstungu var Nikulásarkirkja að minnsta kosti frá 1323, en þá er fyrst getið um prest á staðnum³ Síðast var jarðað í kirkjugarðinum við lok 19. aldar. Kirkjan stóð í miðjum kirkjugarðinum. Kirkjugarðurinn sem er hringlaga, um 23 m í þvermál og allt að 60 cm hár. Sléttað var yfir kirkju og kirkjugarð árið 1912, með leyfi biskups, og nefnist hann nú Kirkjugarðsflöt (mynd 12).⁴

³ Sveinn Níelsson 1950:228.

⁴ Lárus Björnsson 1960. Örnefnaskrá Grímstungu.



Mynd 12. Horft til norðvesturs yfir hringlaga kirkjugarð og kirkju 2818-4. Sléttað var yfir garðinn árið 1912. Garðurinn nær að ræsi sem er fremst á myndinni við veginn (Grímstunga 2023-0420-27-GÓL).

2818-5 Fjós, hlaða, kálgarður og fl.

Á túnakortinu eru sýnd saman, fjós, hlaða og kálgarður (2818-5), um 10 m sunnan við gamla bæjarstæðið. Fjós og kálgarður eru að mestu horfin og sléttað yfir, en veggir hlöðunnar, sem eru að hluta til grafnir í aflíðandi brekku, eru enn uppistandandi (mynd 13).



Mynd 13. Horft til suðurs yfir leifar fjóss og hlöðu gamla bæjarins, 2818-5 í Grímstungu. Fjósið er að mestu horfið, en veggir hlöðunnar standa enn (Grímstunga 2023-0420-26-GÓL).

2818-6 Fjárhús og hlaða

Tóftir tveggja sambyggðra fjárhúsa, sem enn sjást vel, um 40 m vestan við fjósið. Áföst hlaða er að baki fjárhúsanna, sunnan megin. Fjárhúsin snúa í NA-SV, með tveimur inngöngum á norðurhlið. Garði er eftir báðum fjárhúsunum endilöngum. Hlaðan snýr í NV-SA. Að utánmáli eru húsin um 17 m löng og 14 m breið. Veggjaleifar standa í allt að 1 m hæð (myndir 14 og 15).



Mynd 14. Austari hluti fjárhústóftar 2818-6 í Grímsungu. Horft til suðvesturs (Grímsunga 2023-0420-23-GÓL).



Mynd 15. Vestari hluti fjárhústóftar 2818-6 í Grímsungu. Horft til suðvesturs (Grímsunga 2023-0420-24-GÓL).

2818-7 Húskofi

Þessi kofi var ekki skoðaður, en samkvæmt mynd 10 er hann horfinn og hefur lent undir nýju mannvirki.

2818-8 Hús

Á túnakorti er þetta mannvirki kallað hús. Sléttað hefur verið yfir það og sáust þess lítil sem engin merki á yfirborði. Hlutverk þessa húss er óþekkt, en það stendur efst í Smiðjutúni, og gæti því hafa verið smiðja.

2818-9 Fjárhús

Þessi fjárhús, sem stóðu efst í túni austan við læk, hafa verið rifin og sléttað yfir. Lítil sem engin merki sjást nú eftir þau á yfirborði (mynd 16).



Mynd 16. Fjárhús 2818-9 eru horfin. Samkvæmt túnakortinu stóð þetta fjárhúsið hér austan við lækinn. Horft til austurs (Grímstunga 2023-0420-16-GÓL).

2818-10 Fjárhús

Þessi fjárhús, sem stóðu um 210 m austur af gamla bæjarstæðinu, hafa verið rifin og eru horfin (mynd 17). Stór gryfja er nú þar sem þau voru staðsett, samkvæmt túnakorti frá 1918. Núverandi fjárhús standa þar skammt frá. Hugsanlega var yngsta vatnsleiðslan frá vatnsbóli 2818-2 lögð í þau.



Mynd 17. Fjárhús 2818-10 er horfið. Samkvæmt túnakortinu ættu fjárhúsin að hafa staðið þar sem gryfjan er til vinstri á myndinni. Núverandi fjárhús eru ofarlega til hægri á myndinni. Horft til norðurs (Grímstunga 2023-0420-15-GÓL).

2818-11 Hesthús

Á túnakortinu eru hesthús Grímstungu í túni, um 200 m norðaustur af gamla bæjarstæðinu. Þar eru nú greinilegar tóftir, sem voru ekki skoðaðar. Á loftmynd sést að þar hafa staðið tvö sambyggð hús sem snúa í NA-SV, með tveimur inngöngum að norðanverðu. Að sunnanverðu virðist hafa verið áföst hlaða.

Heimildir

Hannes Jónsson 1918. Túnakort af Grímstungu. 1:2000 Sótt af 16.4. 2023 af vef

Þjóðskjalasafns Íslands. [Túnakort \(manntal.is\)](https://manntal.is).

Íslensk fornrit VIII, 1939. Vatnsdæla daga. Hallfreðar saga. Útg. Einar Ól. Sveinsson. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Loftmynd af skógræktarsvæði. Sótt af Vefsja Minjastofnunar


Loftmynd af Grímstungu Sótt 17.4.2023 af [Kortasjá - Landmælingar Íslands \(lmi.is\)](https://lmi.is).

Sveinn Nielsson. 1950. Prestatal og prófata á Íslandi II. Hið Íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Örnefnaskrá Grímstungu. Lárus Björnsson skráði. Sótt þann 16. 4. 2023 [Nafnið.is](https://nafnið.is) | [Forsíða \(arnastofnun.is\)](https://forsioa.arnastofnun.is)


Viðauki

Nærmyndir af loftmyndum sem sýna nánasta umhverfi minjanna tveggja sem fundust á svæðinu ásamt yfirlitsmynd sem sýnir nánari staðsetningu af fyrirhuguðu skógræktarsvæði.



Mynd 18. Nærmynd af afstöðu tveggja skráðra minja (Varða 2818-1 og Vatnsból/brunnur 2818-2) á skógræktarsvæði í Grímsstungu (Loftmynd af Vefsja Minjastofnunar Íslands).

Nánari staðsetning skógræktarsvæðis



Mynd 19. Fyrirhuguðu skógræktarsvæði er fyrst og fremst ætlaður staður í norðurhlíð fjallsins, frá túnjaðri upp á fjallsbrún. Þetta svæði er um 2300x400 m að stærð eða um 9,2 km². Það er hér sýnt með hvítri línu á loftmyndinni. Á á upphaflegu skipulagskorti (mynd 2) er það sýnt mun stærra eða um 780 m breitt og 1,6 km² að stærð. Það svæði, sem er sýnt hér með grænni slitrótttri línu, náði einnig yfir suðurhlíð fjallsins, sem er utan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis, (Vefsja Minjastofnunar Íslands).